



Alþjóðlegi bangsadaðurinn var í gær og við það tilefni var boðið upp á Bangsaspítala á þremur heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Það var ýmislegt sem hrjáði tuskudýr barnanna sem lögðu leið sína á Sólvang í Hafnarfirði. Allir fengu þó bót meina sinna hjá læknanemum sem sóttu sér mikilvæga reynslu í samskiptum við börn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir frá Bangsaspítalanum er að finna á Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.**

Tveir tímar kostuðu nema hátt í milljón

Tveir meintir prufutímar reyndust nemanda Ferðamálastólans Íslands dýrir. Skólastjórnin segir ekki hægt að prufa og alla gera sér grein fyrir hvað felst í umsókn.

DÓMSMÁL Nemandi við Ferðamálastólans Íslands hefur verið dæmdur til að greiða skólunum full skólagjöld.

440 þúsund krónur, að frádregnu 50 þúsund króna skrásetningargjaldi, vegna leiðsögunáms.

Umræddur nemandi taldi að hann hefði fengið loforð um prufutíma og hætti námi eftir tveir kennslustundir. Málskostnaður nam 372 þúsund krónum. Tímarnir tveir kostuðu því rúm 800 þúsund.

Þetta er þriðja málið tengt skólagjöldum við skólann sem ratar fyrir dómstóla en í öllum tilfellum hefur verið fallist á kröfur skólans. Í þessu máli taldi nemandinn að munn-

legur samningur hefði komist á um að hann fengi að sitja prufutíma. Þá taldi hann einnig að ekkert í umsóknarskjali skólans bæri það með sér að hann hefði skuldbundið sig til að greiða gjaldið.

Í niðurstöðu dómsins var báðum málsmáldómum hafnað en sagt að sú staðreynd að þrjú dómsmál hefðu farið fyrir dóm vegna skólagjalda ætti að vera „nægileg hvatning fyrir [skólann] til að ihuga hvort ekki megi bæta form umsóknar“.

„Fólk gerir sér alveg grein fyrir því

þegar það sækir um að það þurfi að greiða fyrir námsvistina. Í þessu máli er þetta svoltið eins og ef þú ferð á veitingastað, borðar forrétt, hluta af aðalréttinum og segist svo ekki ætla að borga,“ segir Friðjón Sæmundsson, skólastjóri Ferðamálastólans.

Dæmi eru um að fólk sem lokið hefur leiðsögunámi við skólann hafi sótt um aðild að Leiðsögn, stéttarfélagi leiðsögumanna, og verið hafnað. Ástæðan sé sú að skólinn kennir ekki samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins. Í nýlegri skýrslu

frá starfshópi á vegum félagsins segir að „útskrifaðir nemendur skólans uppfylli þrýðilega skilgreiningu á starfi fararstjóra“ en teljist ekki leiðsögumenn.

„Stjórnendur félagsins hafa hatast út í þetta nám og skólann og eru sjálfum sér til stórfelldrar skammar. Leiðsögn er í raun stéttarfélag og það geta allir sem vilja verið í því stéttarfélagi,“ segir Friðjón.

Indriði H. Þorláksson, formaður Leiðsagnar, vildi ekki ræða málefni skólans þegar falast var eftir því. —joe

Engin árshátíð á hrunafmæli

STJÓRNMÁL Tveir ráðherrar í ríkisstjórn settu sig upp á móti þeim áformum að árshátíð Stjórnarráðsins yrði haldin þann 6. október næstkomandi, á tíu ára afmæli íslenska efnahagshrunsins. Svo fór að árshátíðin var blásin af vegna athugasemda ráðherra.

Nokkrar óánægju gættir meðal starfsmanna Stjórnarráðsins vegna þessarar afskiptasemi. Ráðuneytin skiptast á að skipuleggja árshátíðirnar en í ár var það í höndum starfsmanna félagsmennta- og menningarmálaráðuneytisins. —á / sjá síðu 2



Fréttablaðið í dag

SKODUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um traust til stjórnmálamanna. **11**

SPORT Engum tekist að hrífa stig af Liverpool. **16**

TÍMAMÓT Fá kannski koku í til efni dagsins. **18**

LÍFIÐ Það er fyrir löngu orðinn síður að kvikmyndahátíðinni RIFF fylgi sundbió þar sem fjörug ræma er sýnd í sundlaug. **26**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015

NUTRILENK
öflugur liðstyrkur

nettó
VERIÐ VELKOMIN Á
HEILSU- OG
LÍFSSTÍLSDAGA
20. SEPT. - 3. OKT. 2018

25% AFSLATTUR
Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGUM

KYNNTU ÞÉR ÖLL FRABÆRU TILBODIN Í HEILSUBÆKLINGI NETTÓ

TRÖLLA
Tópas

SYKURLAUS

Veður



Allhvöss eða hvöss suðvestanátt og vætusamt í dag, en úrkommunna austan til og fremur milt veður.

SIÁ SIÐU 20



Erna Ómarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vill vara aðrar við Jan Fabre

SAMFÉLAG Erna Ómarsdóttir, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins, er meðal þeirra listamanna sem stiga fram og lýsa óviðeigandi hegðun og kynferðislegri áreitni belgiska listamannsins Jan Fabre í ítarlegri umfjöllun The New York Times í gær. Í viðtali við bandaríska stórblaðið lýsir Erna því hvernig Fabre hafi haldið að henni kíkiefnum í myndatöku í íbúð hans og hún ekki þorað að neita honum.

Fabre þessi er einn virtasti listamaður Belga og þiggur sem nemur ríflega 100 milljónum króna frá belgiska ríkinu á ári hverju. Verk hans hafa verið sýnd í helstu söfnum og sýningaröllum listheimsins auk þess sem hann hefur verið sámdur æðstu orðu belgíska ríkisins.

Fyrir í þessum mánuði skrifuðu 20 listamenn bréf í anda Metoo-byltningarinnar sem birtist í belgiskum fjölmiðlum en þar er Fabre sakaður um kynferðislega áreitni.

Í úttekt The New York Times í gær lýsir Erna samskiptum sínum við Fabre en hún gekk til liðs við fyrirtæki hans þegar hún var rétt um títugt. Hún hafi notið þess að vinna með honum fyrst en það breyst þegar hann bað hana að sitja fyrir hjá sér. Þar hafi hann viljað mynda augu hennar á meðan hún stundaði sjálfsfröun, nokkuð sem hún hafi ekki þorað að segja nei við.

„Þú vissir að ef þú hafnaðir honum myndi það koma niður á þér annars staðar,“ er haft eftir Ernu. Þá hafi hann í annað sinn haldið að henni kókaiani og áfengi þar til hún hafi látið undan.

Erna kveðst hafa viljað stiga fram til að vara aðra dansara við og stóða Fabre. –smj

Fiðrildi fyrir frumsýningu fréttamyndvers



Ríkisútvarpið frumsýndi á föstudag nýtt og tæknivætt fréttamyndver sem leysir af hólmi eldra óhagkvæmara myndver. Kostnaður við hið nýja myndver er áætlaður 184 milljónir króna. Tilhlökkun og spennu skein úr augum þeirra Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur og Rakelar Þorbergsdóttur fréttastjóra fyrir frumsýninguna á föstudag. Ekki var annað að sjá en að allt hefði gengið að óskum í útsendingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nálar í berjum á Nýja-Sjálandi

NÝJA-SJÁLAND Nálar hafa fundist í jarðarberjum í stórmarkaði í Auckland á Nýja-Sjálandi. Umrædd jarðarber voru innflutt frá Ástralíu.

Undanfarnar vikur hafa nálar og tituprjónar fundist í jarðarberjum í verslunum í Ástralíu en yfir hundrað slíkar tilkynningar hafa borist. Talið er að hluta þeirra megi rekja til fólks sem hefur tekið upp á því að troða nálum í ber eftir að sagt var frá málinu í fréttum.

Málið hefur orðið til þess að sala á ávöxtum og berjum hefur dregist saman og nauðsynlegt hefur verið að henda tonnum af matvælnum. Ástralskir bændur óttast að það muni hafa talsverð áhrif á afkomu sína í lok árs.

Enginn hefur slasast vegna þessa en yfirvöld hvetja fólk til að skoða og skera ávextina áður en þeirra er neytt. –jõe

Katrín bannar djamm á tíu ára afmæli hrunsins

Halda átti árshátíð Stjórnarráðsins 6. október næstkomandi. Forsætisráðherra stöðvaði þau áform eftir samtal við menntamálaráðherra. Nokkurrar óánægju gætir í starfslíðinu með afskiptasemi og meinta viðkvæmni ráðherranna.

STJÓRN MÁL Árshátíð Stjórnarráðsins sem halda átti 6. október næstkomandi hefur verið blásin af eftir afskipti tveggja ráðherra í ríkisstjórninni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gætir nokkurrar óánægju meðal starfsmanna vegna þessarar afskiptasemi ráðherranna af skemmtanahaldi starfsmanna, en það mun vera dagsetningin sem ráðherrunum hugnast ekki. Á umræddum degi verða tíu ár liðin frá því að Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, flutti tilfinningaþrungin sjónvarpsávarp sem endaði á orðunum „Guð blessi Ísland“. Ávarpið markar í hugum flestra Íslendinga upphaf efnahagshrunsins.

Ráðuneytin skiptast á að halda árshátíð Stjórnarráðsins og að þessu sinni var röðin komin að mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Er skipulagningin í höndum starfsmannafélags ráðuneytisins.

Þegar spurðist út um ráðuneytið að halda átti árshátíðina 6. október mun Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hafa lýst áhyggjum af dagsetningunni við Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Hafi þær báðar í kjölfarið lýst andstöðu sinni við skipuleggjendur og lagt bann við því að árshátíðin yrði haldin umrætt kvöld. Hefur árshátíðinni því verið frestað fram á næsta vor.

Björk Öttarsdóttir, formaður starfsmannafélags ráðuneytisins, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið sló á þröðinn en samkvæmt heimildum blaðsins hefur málið verið töluvert rétt á göngum menntamálaráðuneytisins. Furða



Katrín Jakobsdóttir og Lilja Alfreðsdóttir vilja ekki skemmta sér með öðru starfsfólki ráðuneytanna á tíu ára afmæli hrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

einhverjar starfsmanna sig á þessari afskiptasemi ráðherranna tveggja og óþarfa viðkvæmni með dagsetninguna. Aðrir starfsmenn Stjórnarráðsins hafi hins vegar samúð með sjónarmiðum ráðherranna um að partistand æðstu ráðamanna þjóðarinnar á þessum degi myndi lýsa skeytingarleysi á þessum tímamótum.

Atburðirnir fyrir tíu árum eru ráðherrunum tveimur eflaust minnisstæðir en Katrín var þingmaður í stjórnarandstöðu í október 2008 og varð ráðherra í minnihlutastjórninni sem tók við í lok janúar 2009. Lilja starfaði hins vegar sem sérfræðingur í Seðlabankanum þegar



Geir flutti þjóðinni minnisstætt ávarp þann 6. október 2008.

hrunið varð og ætla má að þessir dagar í október 2008 liði hvorugri þeirra úr minni. Hvorki Lilja né Katrín vildu hins vegar tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. adalheidur@frettabladid.is

BRIDS SKÓLINN



Námskeiðin hefjast í næstu viku ...

BYRJENDUR (stig 1) **1. OKT.** 8 mánudagar frá 20-23

KERFIÐ (stig 2) **3. OKT.** 8 miðvikudagar frá 20-23

STIG 1 Hvað þarf að kunna fyrirfram? Ekki neitt, en það spillir ekki að þekkja ás frá kóng. Ekkert mál að mæta ein/einn.

STIG 2 Farið er vel yfir framhald sagna í Standard og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Mikíð spilað og hægt að koma ein/einn.

Upplýsingar og innritun ...

í síma **898-5427** og á netinu **bridge.is**

STAÐUR: Síðumúli 37, Reykjavík - Bridgesamband Íslands

MEIRI GÆÐI
MEIRI SNILLD
MEIRI **JAZZ**



TREND

1.3 VTEC TURBO - 102 hestöfl
6-gíra beinskípting
7-gíra sjálfskípting (CVT)

frá kr. **2.540.000**

- ◆ ABS hemlakerfi
- ◆ Rafstýró hemaátaksdreifing
- ◆ Hemlaaðstoð
- ◆ Stöðugleikaaðstoð
- ◆ Brekkuaðstoð
- ◆ ISO festipunktur
- ◆ Neyðarstöðvunarkerfi
- ◆ Loftþrýstingsviðvörðunarkerfi
- ◆ Borgarhemlakerfi
- ◆ Stöðugleikakerfi
- ◆ Fjarstýró samlæsing með tveimur lykllum
- ◆ Uppþýsingaskjór
- ◆ Hraðastíllir með hámarks hraða
- ◆ Sjálfvirkur þurrkur með regnskynjara
- ◆ Sjálfvirk rökkurhljóð með skynjara
- ◆ Rafmagn í rúðum (framan og aftan)
- ◆ Rafstýrðir hurðaspeglar
- ◆ Hæðarstilling í ökuannassaði
- ◆ Hiti í framsætum
- ◆ Hallandi aftursæti
- ◆ Töfrasæti
- ◆ USB tengi (iPod samhæft)
- ◆ 4 hátalarar
- ◆ Bluetooth handfrjálssímabúnaður
- ◆ Samlitir hljóðarspeglar
- ◆ Halogen aðalljós
- ◆ LED dagljós og LED hemlaljós
- ◆ 15" stálfelgur

COMFORT

1.3 VTEC TURBO - 102 hestöfl
6-gíra beinskípting
7-gíra sjálfskípting (CVT)

frá kr. **2.990.000**

- ◆ SRS loftþúðar fyrir framsæti með rofa
- ◆ ABS hemlakerfi
- ◆ Rafstýró hemaátaksdreifing
- ◆ Hemlaaðstoð
- ◆ Stöðugleikaaðstoð
- ◆ Brekkuaðstoð
- ◆ ISO festipunktur
- ◆ Neyðarstöðvunarkerfi
- ◆ Loftþrýstingsviðvörðunarkerfi
- ◆ Borgarhemlakerfi
- ◆ Árekstursvari
- ◆ Umferðarmerkjagreining
- ◆ Snjallhraðastíllir
- ◆ Akreinavari
- ◆ Fjarstýró samlæsing með tveimur lykllum
- ◆ Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- ◆ Hraðastíllir með hámarks hraða
- ◆ Fjarlægðarskynjarar (2 að framan og 4 að aftan)
- ◆ Bakkmyndavél
- ◆ Rafmagn í rúðum (framan og aftan)
- ◆ Rafstýrðir og upphitaðir hurðaspeglar
- ◆ Hiti í framsætum
- ◆ Töfrasæti
- ◆ Honda CONNECT með 7" snertiskjór
- ◆ 2x USB tengi / HDMI tengi*
- ◆ Halogen aðalljós
- ◆ LED dagljós og LED hemlaljós
- ◆ 15" álfelgur

ELEGANCE

1.3 VTEC TURBO - 102 hestöfl
6-gíra beinskípting
7-gíra sjálfskípting (CVT)

frá kr. **3.340.000**

- ◆ ABS hemlakerfi
- ◆ Rafstýró hemaátaksdreifing
- ◆ Hemlaaðstoð
- ◆ Stöðugleikaaðstoð
- ◆ Brekkuaðstoð
- ◆ ISO festipunktur
- ◆ Borgarhemlakerfi
- ◆ Árekstursvari
- ◆ Umferðarmerkjagreining
- ◆ Snjallhraðastíllir
- ◆ Akreinavari
- ◆ Snjallöpun og snjallræsing
- ◆ Hraðastíllir með hámarks hraða
- ◆ Fjarlægðarskynjarar (2 að framan og 4 að aftan)
- ◆ Bakkmyndavél
- ◆ Rafmagn í rúðum (framan og aftan)
- ◆ Rafstýrðir og upphitaðir hljóðarspeglar
- ◆ Hiti í framsætum
- ◆ Töfrasæti
- ◆ Honda CONNECT með 7" snertiskjór
- ◆ 2x USB tengi / HDMI tengi* / 6 hátalarar
- ◆ Bluetooth™ handfrjálssímabúnaður
- ◆ LED ljósakerfi
- ◆ Þokuljós að framan
- ◆ 16" álfelgur

DYNAMIC

1.5 VTEC - 130 hestöfl
6-gíra beinskípting
7-gíra sjálfskípting (CVT)

frá kr. **3.390.000**

- ◆ SRS loftþúðar fyrir framsæti með rofa
- ◆ ABS hemlakerfi
- ◆ Rafstýró hemaátaksdreifing
- ◆ Hemlaaðstoð
- ◆ Stöðugleikaaðstoð
- ◆ Brekkuaðstoð
- ◆ ISO festipunktur
- ◆ Neyðarstöðvunarkerfi
- ◆ Loftþrýstingsviðvörðunarkerfi
- ◆ Borgarhemlakerfi
- ◆ Árekstursvari
- ◆ Umferðarmerkjagreining
- ◆ Snjallhraðastíllir
- ◆ Akreinavari
- ◆ Fjarstýró samlæsing með 2 lykllum
- ◆ Leðurklædd stýri og girstangarhnúður með appelsínugulur saumi
- ◆ Fjarlægðarskynjarar (2 að framan og 4 að aftan)
- ◆ Rafmagn í rúðum (framan og aftan)
- ◆ Rafstýrðir og upphitaðir hurðaspeglar
- ◆ Hiti í framsætum
- ◆ Töfrasæti
- ◆ Honda CONNECT með 7" snertiskjór
- ◆ 2x USB tengi / HDMI tengi* / 6 hátalarar
- ◆ Bluetooth™ handfrjálssímabúnaður
- ◆ Svartir hljóðarspeglar
- ◆ Rauðir borðar á höggdýflum að framan og aftan
- ◆ Vindskelð að aftan
- ◆ LED aðalljós með innfellidum dagljósum
- ◆ Háljósakerfi
- ◆ Þokuljós að framan
- ◆ LED hemlaljós
- ◆ Aðalljósatímastíllir
- ◆ 16" álfelgur (Berlína Black)

OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00



Honda Jazz
verð frá kr. 2.540.000



Honda Civic
verð frá kr. 2.990.000



Honda HR-V
verð frá kr. 3.870.000



Honda CR-V
verð frá kr. 4.840.000

Bernhard - Honda á Íslandi • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bilver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



HONDA

Dæmdur til öryggisgæslu á viðeigandi stofnun vegna tuga brota

DÓMSMÁL Ungur karlmaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir rúmri viku sakfelldur fyrir riflega 20 brot. Þar á meðal voru þjófnaðir, líkamsárásir, umferðar-, vopna- og fíkniefnalagabrot. Maðurinn var sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins en dæmdur til að seta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun.

Maðurinn var ákærður fyrir 24 brot og sakfelldur í öllum liðum nema einum. Sá sneri að óspæktum

á almannaferi en honum var gert að sök að hafa sökum ólvunar áreitit vegfarendur á Hverfisgötu. Einn slíkur gerði lögreglu viðvart og sagði manni meðal annars hafa sparkað í hjóreiðamann. Vitnisburður þess nægði ekki til sakfellingar gegn neitun hans.

Meðal þess sem hann var sakfelldur fyrir var líkamsárás á strætubílstjóra í Borgarnesi í maí 2018, líkamsárás gegn ókunnugum manni fyrir utan Ölver í sama mánuði og líkamsárás

fyrir utan Ölsmiðjuna í ágúst 2017. Að auki var hann sakfelldur fyrir tvær líkamsárásir, aðra á Subway á Laugavegi og hina fyrir utan skemmtistað.

Geðlæknir var fenginn til að meta ástand mannsins. Í mati hans kom fram að maðurinn hefði reglulega legið inni á geðdeild undanfarin ár þar sem hann hafði meðal annars veist að starfsfólki og öðrum sjúklingum. Hann hefði miklar aðsóknarranghugmyndir. Óvist væri hvort þær

stöfuðu af langvarandi neyslu eða hvort um undirliggjandi geðrofsjúkdóm væri að ræða.

Að mati dómsins var maðurinn alls ófer um að stjórna gerðum sínum á þeim tíma sem brotin voru framin og var hann því sýknaður af refsikröfu.

Maðurinn var dæmdur til að greiða fórnarlömbum sínum alls rúmlega 1,6 milljónir í skaða- og miskabætur. Allur sakarkostnaður málsins, tæpar 3,8 milljónir, greiðist úr ríkissjóði. – jõe



Frá réttargeðdeildinni á Kleppi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Gréta Baldursdóttir er eini kvendómari Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Fleiri konur í Hæstarétt

STJÓRNSÝSLA Hraða þarf fjölgun kvenna í Hæstarétti, að mati nefndar sem hefur eftirlit með framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum. Aðeins ein kona hefur fast sæti í Hæstarétti.

Í niðurstöðum nefndarinnar frá 2016 um framkvæmd samningsins hér á landi lýsti nefndin einnig áhyggjum af því hversu fáar konur starfa í löggæslu hér á landi og í utanríkisþjónustunni. Starfandi sendiherrar eru 37 og þriðjungur þeirra er konur. Mun hlutfallið aldrei hafa verið hærra. Hlutfall kvenna í löggæslu gæti einnig verið að aukast en konur eru orðnar jafnmargar körlum í lögreglunámi við Háskólann á Akureyri.

Í erindi nefndarinnar frá 5. september er tekið eftir svörum stjórnvalda við ábendingum um tímasetta áætlun um fjölgun kvenna í þessar stöður. Svör áttu að berast nefndinni í mars síðastliðnum. – aa

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Undrast ofurlaunahækkun hjá mörgum sveitarfélögum

Fyrirverandi fjármálastjóri Alþingis gagnrýnir að á sama tíma og undið var ofan af umdeildri 44 prósentu launahækkun til alþingismanna hafi æðstu stjórnendur margra sveitarfélaga tekið alla hækkunina. Á meðan þurfi almennt starfsfólk að berjast fyrir eðlilegum launum. Ætlar að vinna ofan af afleiðingunum.

SVEITARSTJÓRNIR „Ég taldi að ég gæti komið að gagni í þessu litla samfélagi. Og ég fékk góða kosningu og er orðinn oddviti og sveitarstjóri,“ segir Karl Magnús Kristjánsson, fyrirverandi fjármálastjóri og aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis.

Karl er alinn upp í Kjósinni og hefur ásamt eiginkonu sinni átt lögheimili á Eystri-Fossá í landi Fossár í Hvalfirði síðustu tíu árin. Karl hefur verið varamaður í hreppsnefnd Kjósarhrepps og í stjórn nýlega stofnaðrar hitaveitu. Er hann lét af störfum á Alþingi vegna aldurs var hann hvattur til að gefa kost á sér í persónukosningum til hreppsnefndar.

Eitt af fyrstu verkefnum Karls í Kjósinni segir hann vera að vinna ofan af afleiðingum umdeildrar ákvörðunar kjararáðs frá í hitteðfyrra um að hækka þingfararkaup alþingismanna um 44 prósent.

„Ég er að takast á við hagræðingu í rekstri hreppsins og rek mig strax á mjög sérkennilega stöðu sem er komin upp hjá litlu sveitarfélögunum. Þegar þingfararkaup var hækkað upp úr öllu valdi þá hækkuðu nefndarmenn og flestir æðstu stjórnendur og millistjórnendur í sveitarfélögum um sömu upphæð,“ segir Karl sem kveður þessa nálgun hafa skotið skökku við miðað við hvernig Alþingi sjálf tók á ákvörðun kjararáðs.

„Forysta þingsins taldi þetta vera glóruslaus hækkun en allt of mörg sveitarfélög hoppuðu bara á vagninn í góðri trú og eru að leggja á skattborgarana óeðlilegar hækkunar á launum nefnda og yfir-



„Þetta er tími sem er gaman að koma inn og líka tími sem er mikilvægt að við séum á varðbergi varðandi allt utanumhald um þetta samfélag,“ segir Karl M. Karlsson, nýr oddviti og sveitarstjóri Kjósarhrepps. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

manna,“ segir Karl. Hjá Alþingi hafi hann fengið það hlutverk að gera tillögur um hvernig tryggja mætti að heildargreiðslur til þingmanna myndu lækka um um það bil 20 prósent frá því sem var með úrskurði kjararáðs. Með því myndu þeir fylgja almennum launabreytingum undanfarinna ára.

„Það tókst með því að lækka svokallaðan starfskostnað þingmanna og lækka fastan ferðakostnað. Síðan kem ég hingað og þá sé ég sveitarfélög sem er að fylgja þessum óeðli-

legu hækkunum í góðri trú. Og engir eru gagnrýndir nema þingmennirnir sem eru þó búnir að samþykkja að eitthvað skyldi gert á móti,“ segir Karl. „Það hefur komið mér á óvart að æðstu stjórnendur margra sveitarfélaga hafa ekki sýnt gagnrýni og festu þegar þeir fengu þessa miklu hækkun á meðan almennt starfsfólk sveitarfélaganna er að berjast við að fá sanngjörn, eðlileg laun.“

Karl kveðst hafa lýst því yfir fyrir hreppsnefndarkosningarnar

að brýnt væri að yfirfara og jafnvel endurskoða rekstur hreppsins og stofnana hans, ekki sist vegna mikilla fjárfestinga svo sem hjá Kjósarveitum sem hafa byggt upp glæsilega hitaveitu og hreppurinn samtímis fjárfest í eigin ljósleiðarakerfi. „Ég sagði að við þyrftum að velja við hverjum steini. Enda var mitt fyrsta verk að leggja til tuttugu prósentu lækkan á öllum nefndargreiðslum í hreppnum. Því var tekið ágætlega og það var samstaða um það.“ gar@frettabladid.is

jeep.is



Litli bróðir Jeep, Grand Cherokee.

JEEP COMPASS LIMITED

JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF. VERÐ FRÁ 5.490.000 KR. ÖRFÁIR SÝNINGARBÍLAR MED 500.000 KR. AFSLÆTTI.

EINI JEPPIN Í ÞESSUM STÆRÐARFLOKKI SEM BYÐUR UPP Á LÁGT DRIF.

Jeep, Compass er útbúinn með alvöru fjórhjóladrifi: Jeep, Active Drive, sem gerir ökumanni kleift að velja um fjórar drifstillingar sem taka mið af akstursundirlagi hverju sinni, Auto, Snow, Sand og Mud ásamt því að lesa milli fram- og afturdrifs í Limited og til viðbótar í Trailhawk er fimmta stíllingin Rock ásamt lágu drifi. 2,0 lítra dísel 140 h.ö. eða 170 h.ö. og 170 h.ö. bensínvél. 9 girja sjálfstípting.

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI JEEP Á ISLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE

Gæði – alla leið!

ÍSLENSKA SVEITIN OG SS – FYRIR ÞIG

Stefán Geirsson og Silja Rún Kjartansdóttir í Gerðum eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS.



Oddur Árnason
KJÖTMEISTARI ÍSLANDS 2018

„Til að skapa afbragðs SS kjötvörur þá eru gæði hráefnisins og uppruni lykilatriði. Vönduð vinnubrögð góðra bænda ásamt réttri meðhöndlun tryggja að kjötvörur frá SS skila gæðum alla leið á diskinn þinn.“



IMMI-frumvörp á dagskrá eftir átta ára bið

ALÞINGI Sex frumvörp eru á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sem eiga uppruna sinn í svokallaðri IMMI-ályktun Alþingis frá árinu 2010. Frumvörpin eru unnin af nefnd forsætisráðherra um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis. Nefndin hefur meðal annars haft til skoðunar fyrirleggjandi frumvörp stýrihóps sem skipaður var í kjölfar fyrrnefndrar ályktunar Alþingis um að Ísland skapi sér

afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Ráðgert er að frumvörpin verði lögð fram í desember, nema frumvarp um bætur vegna ærumeiðinga sem sett er á dagskrá í mars en ákvæði þar að lútandi á að færa úr refsirétti í einkarétt og endurskoða með hljóðsýn af dómaframkvæmd hér á landi og hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Einnig á að mæla fyrir nýjum lögum um vernd upplýstrara sem skýra frá

lögrotum eða brotum á siðareglum sem þeir verða áskynja um í starfi; gera breytingar á þagnarskyldu-ákvæðum opinberra starfsmanna í stjórnsýslulögum og annarri löggjöf, auka skýrleika í ákvæði hegningarlaga um hatursárörður, auk breytinga sem tryggja eiga heimildarmönnum og hýsingaraðilum aukna vernd.

Fjórir ráðherrar munu mæla fyrir málunum, forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, samgöngu- og sveitar-

stjórnarráðherra og nýsköpunarráðherra.

Fleiri þingmál eru boðuð af ríkisstjórninni á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsis. Má þar nefna bæði nýkynt áform menntamálaráðherra um aukinn stuðning við einkarekna fjölmiðla og frumvarp forsætisráðherra um breytingar á upplýsingalögum. – jø



Árið 2010 lagði Birgitta Jónsdóttir fram tillögu um sérstöðu Íslands á sviði tjáningarfrelsis. Tillagan var samþykkt en hefur velkist um í stjórnkerfinu síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN



Reddy á rafhjólínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í kringum landið á ellefu dögum

SAMGÖNGUR Indverjinn Sushil Reddy lauk í gær hringferð sinni um landið á rafhjól. Ferðalag Reddy hófst miðvikudaginn 12. september og tók ferðalagið því 11 daga. Setti það reyndar strík í reikninginn að hann þurfti að taka sér tveggja daga hvíld sökum hvasviðris. Reddy fór hringinn á IKEA-rafhjól með sólar-sellu á tengivagni. Tilgangur ferðalagsins var að vekja athygli á vistvænum samgöngum en ferðafélagi Reddy fylgdi honum á Volkswagen Golf rafbil. Ferðalagið mun að sögn hafa gengið vel.

Reddy hefur þrisvar áður farið í langferð á rafhjól, fyrst 7.400 kílómetra um Indland sem skráð var í Heimsmetabók Guinness sem lengsta rafhjólferð sögunnar. Síðan hefur hann hjólað bæði um Frakkland og Bandaríkin til að vekja athygli á vistvænum orkugjöfum. Hringferð hans hér á landi er farin í tengslum við Charge-ráðstefnuna sem fram fer í Hörpu í dag og á morgun þar sem framtíð orkumála verður rædd. – smj

Vélarbilun í tvíþekju

LÖGREGLUMÁL Upp kom vélarbilun í tvíþekju á flugi nærri Reykjavík síðdegis í gær. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu kom bilunin ekki að sök og tókst að lenda vélinni á Reykjavíkurflugvelli án vandkvæða. – smj

Skuldir Gagnaveitunnar jukust um fjóra milljarða á síðasta ári

Aukin innviðaupbygging varð til þess að skuldir Gagnaveitu Reykjavíkur, dótturfélags Orkuveitunnar, jukust um tæpa fjóra milljarða í fyrra. Fjárfest var fyrir 3,2 milljarða í fyrra. Áætlun sem kynnt var borgarstjórn í árslok 2016 gerði ráð fyrir fjárfestingu upp á 3,9 milljarða til fimm ára. Örari vöxtur skýringin.

REYKJAVÍK Skuldir Gagnaveitu Reykjavíkur, dótturfélags Orkuveitunnar Reykjavíkur, jukust um tæplega fjóra milljarða milli ára samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins fyrir árið 2017. Fjárfest var fyrir ríflega 3,2 milljarða króna í fyrra eða hátt í sömu upphæð og kynnt var fyrir borgarstjórn í árslok 2016 að sömu fjárfesta fyrir á fimm ára tímabili 2018-2022.

Framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur (GR), Erling Freyr Guðmundsson, segir að hina auknu skuldsetningu félagsins upp á 3.938 milljónir í fyrra megi rekja til aukinna fjárfestinga í innviðaupbyggingu höfuðborgarsvæðisins í verkefnum ársins 2017 og að hluta til 2018. Árið 2017 hafi verið stærsta framkvæmdaár GR þegar 11 þúsund heimili voru tengd við ljósleiðarann. Samhlíða fjölgun viðskiptavina hafi tekur aukist um 321 milljón á milli ára, úr 1,8 milljörðum í 2,1 milljarð. Heildarskuldir GR fóru á síðasta ári úr 7,6 milljörðum í 11,5 milljarða.

Á síðasta ári var samkvæmt ársreikningi fjárfest fyrir rúmlega 3,2 milljarða en samkvæmt fjárfestingaráætlun OR sem lögð var fyrir borgarstjórn í nóvember 2016 var gert ráð fyrir að fjárfesting vegna gagnaveitu yrði alls 3,9 milljarðar króna á árunum 2018 til 2022. Í uppfærðu plani tæpu ári síðar, í október 2017, var sú áætlun komi í 7,4 milljarða. Aðspurður um þessa hækkun segir Erling að hin uppfærða áætlun hafi verið útkomuspá ársins 2017.

„Tímabil hennar var því heilu ári lengri en hinnar. Síðari áætlunin



Aukin innviðaupbygging og örari vöxtur en gert hafði verið ráð fyrir hjá Gagnaveitunni. Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur, segir allt benda til að niðurstaðan í árslok nú verði jákvæð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sum svæði reyndust dýrari en fyrirséð var til að ljúka ljósleiðaravæðingu höfuðborgarsvæðisins.

Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur

var líka gerð með uppfærðum forsendum sem tóku tillit til örari vaxtar. Meðal þess sem breyttist var aukin eftirspurn á fyrirtækjamerkaði, fleiri nýbyggingar, vinsældir á Eitt gig þjónustuleið ljósleiðarans til heimila og sum svæði reyndust dýrari en fyrirséð var til að ljúka ljósleiðaravæðingu höfuðborgarsvæðisins.“

Erling segir að miðað við stöðuna í dag bendi allt til að heildarniðurstaða 2018 verði jákvæð í árslok, þrátt fyrir allar þær fjárfestingar sem staðið hafi verið í og fara á í árinu. Gagnaveita Reykjavíkur hefur aldrei skilað hagnaði en tap félagsins nam tæplega hundrað milljónum í fyrra, samanborið við 172 milljónir árið áður. mikael@frettabladid.is

Aksturslag er mikilvægasti öryggisþátturinn í umferðinni. Síðan eru það dekkinn.

SAMSUNG

SAMSUNG QLED TV

Q picture

Litur

Sýnir alla liti 100%

Contrast

Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

HDR 1500/2000

Sýnir nákvæmlega rétta liti

Sjónarhorn

Öll sætin eru bestu sætin

Q style

Ósýnilegar tengingar

Hannaðu umhverfið að vild

Engin skil

Fellur alveg að veggnum

Takmarkalaus 360° hönnun

Hvert smáatriði er þaulhugsað

Q smart

Ein fjarstýring

Afruglari, Netflix og Youtube

Allt í einni fjarstýringu

Smart view

Sjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

Smart Content

Fjölbreytt úrval efnisveita



Samsung QE75Q7F

55" 280.000,-

65" 380.000,-

75" 690.000,-



Samsung QLED is Quantum dot based TV

Samsung QE75Q7F

Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar

SAMSUNG NU6025



UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV

50" 109.900,-

55" 119.900,-

65" 189.900,-

SAMSUNG NU7445



UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV

43" 129.900,-

50" 149.900,-

55" 159.900,-

65" 239.900,-

SAMSUNG NU8045



Premium UHD 4K - Smart TV
PQI 2600 - HDR 1000
10 bita skjár

55" 219.900,-

65" 309.900,-

75" 429.900,-

Samsung myndvinnsla byggir á örgjörvanum. 1.3 GHz **Quad Core** örgjörvinn gerir Samsung SMART TV þrisvar sinnum hraðari en venjulegt sjónvarpstæki, sem gerir þér kleift að mæta flóknari vinnslu, hraðari vef og fljóttari ræsingu.

SAMSUNG

SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

ORMSSON



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

Telja að strengjabrúður Bandaríkjanna hafi staðið að baki hryðjuverkaárás

Tuttugu og níu týndu lífi þegar fjórir menn hófu skothríð á skráðgöngu hermanna í borginni Ahvaz í Íran um helgina. Þarlend samtök hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni en írönsk yfirvöld benda á Bandaríkin og vini þeirra. Leiðtogar ríkjanna hittast á þingi SP um miðja viku.

ÍRAN Æðstu ráðamenn í Íran segja að Bandaríkin og bandamenn þeirra við Persaflóa beri ábyrgð á árás á skráðgöngu hermanna í borginni Ahvaz í suðvesturhluta landsins á laugardag, 29. fórust í árásinni.

Sem fyrr segir átti árásin sér stað í fyrradag. Ganga hermanna var í tilefni þess að 38 ár eru liðin frá því að stríð milli Írans og Íraks hófst en það stóð yfir í átta ár. Fjöldi áhorfenda, bæði óbreyttir borgarar og ráðamenn, var saman kominn til að berja gönguna augum. Það var þá sem fjórir árásmenn, klæddir í fullan hermannaskrúða, hófu skothríð á viðstadda. Í hópi hinna látnu voru tólf hermenn en aðrir sem létust voru áhorfendur, þar á meðal konur og börn. Hermenn felldu árásmennina fjóra.

Samtökin al-Ahvaziya hafa lýst því yfir að árásin hafi verið á þeirra vegum. Ráðherrar og menn í æðstu stöðum innan hersins hafa ekki tekið þá yfirlýsingu góða og gilda. Þess í stað beina þeir fingri í átt að þeim sem þeir telja að styðji við bak samtakanna og annarra hryðjuverkamanna á svæðinu.

„Hryðjuverkasveitir, þjálfaðar, æfðar, vopnaðar og launaðar af stjórnmöldum erlends ríkis, hafa



Þátttakendur í göngunni, sem og aðrir viðstaddir, áttu fótum sínum fjör að launa þegar skothríðin hófst. Tólf hermenn og þrettán áhorfendur fórust auk árásmannanna. Íranir segja önnur ríki styðja vígamennina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

ráðist á Ahvaz. Að mati Írans liggur ábyrgðin hjá nærliggjandi ríkjum sem styðja slíkar sveitir og bandarískum herrum þeirra,” segir utanríkisráðherra Írans, Javad Zarif, í tísti um árásina.

Ríkin eru ekki nefnd í tístinu en talið er að Zarif hafi átt við Sádi-Arab-

íu, Sameinuðu arabísku furstadæm-unum (SAF) og Ísrael. Þau eiga sam-merkt að vera óvinveitt Íran og hafa lýst því yfir að þau muni gera það sem þau geta til að draga úr áhrifamætti samtakanna í Miðausturlöndum.

Ayatollah Ali Khamenei, æðsti klerkur Írans, tók í svipaðan streng í

sinni yfirlýsingu. Sagði hann að árás-ina mætti rekja til „strengjabrúðna Bandaríkjanna“ sem hefðu það mark-mið að skapa glundroða og ringulreið í landi sínu. Hið sama gerði Hassan Rouhani, forseti Írans.

„Þessir hryðjuverkamenn voru þjálfaðir af tveimur Persaflóaríkjum.

Þeir eru ekki frá Daesh [ISIS] eða öðrum hópum sem berjast gegn hinu íslamska ríki Íran. Þess í stað eru þeir tengdir Bandaríkjunum og Mossad [leyniþjónusta Ísraels],“ segir Abolfazl Shekarchi, talsmaður íranska hersins, í samtali við íranska miðilinn IRNA.

Fréttaveitan AP hefur eftir Yacoub Hor al-Tostari, talsmanni al-Ahvaziya samtakanna, að þessi dagur hafi verið valinn fyrir árásina með til-tiliti til skráðgöngunnar. Þennan dag vildi Íran einmitt sýna umheiminum að ríkið væri „voldugt“ og með fulla stjórn.

Abdulkhaleq Abdulla, einn af ráðgjöfum Mohammed bin Zayed, krónprins SAF, sagði í tísti að árás á hernaðarlegt skotmark væri ekki hryðjuverkaárás.

Atburðurinn er ekki til þess fallinn að lægja öldurnar á milli Bandaríkj-anna og Írans en leiðtogar þjóðanna munu hittast á miðvikudag í New York á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna (SP). „Rouhani hefur bælt þjóð sína í fjölda ára og honum væri nær að lita í eigin barm í stað þess að kenna öðrum um. Bandaríkin for-ðæma allar hryðjuverkaárásir um allan heim,” segir Nikki Haley, sendi-herra Bandaríkjanna hjá SP.

Þessi grein er byggð á fréttum frá júlí 2018. [joli@frettabladid.is](http://frettabladid.is)

Renault

NÝR RENAULT CLIO Á TILBOÐI



RENAULT
Passion for life



Renault Clio Intens, bensín:

TILBOÐSVERÐ 2.490.000 kr.

Verð áður: 2.690.000 kr.

Innifalið í Intens búnaðarpakka er m.a.: Lykillauast aðgengi, fjarlægðarskynjarar að framan og aftan, bakmyndavél, regnskynjari, LED aðalljós, Intens sætaáklæði með leðri á slitflötum, krómlistar og tölvustýrð tveggja svæða miðstöð.

„ÞU TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Rýmingarsala bókaútgefenda í **Holtagörðum**

Allt að

90%
AFSLÁTTUR

Opnunartími 10-18
alla daga vikunnar

BÆKUR
FRÁ
99 KR.


ALLIR SEM
VERSLA
FÁ BÓK
AÐ GJÖF



30
hættulegustu
dýrin
Verð: 1499 kr.



Sveitasæla
Verð: 490 kr.



Náttúran
Verð: 2990 kr.



Fjallaland
Verð: 2490 kr.



Bækurnar um
Randalín
og Munda
Verð: 490 kr.
hvor bók



Heiða
Verð: 999 kr.



13 skrítnir
jólasveinar
Verð: 699 kr.



Heilsujurta-
bíblían
Verð: 999 kr.

+PLÚS



Þessi ungi herramaður fann þennan bangsa úti á götu en vildi koma honum undir læknishendur sem fyrst til að ganga úr skugga um að honum hefði ekki orðið meint af.

Bangsar og börn fengu bót meina sinna

Lýðheilsufélag læknanema bauð í gær upp á Bangsa-spítala á þremur heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu í tilefni alþjóðlega bangsadaðsins. Tilgangur verkefnisins er að fyrirbyggja hræðslu hjá börnum við lækna eða annað heilbrigðisstarfsfólk og að gefa læknanemum á yngri árum tækifæri til að æfa samskipti við börn. Börnin byrjuðu á að innrita bangsann sinn og að því loknu kom bangsalæknir sem vísaði barninu inn á stofu þar sem tuskudýrið fékk skoðun og nauðsynlega aðhlyningu. Eyþór Árnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, heimsótti Ljósvang í Hafnarfirði.



Bangsar voru innritaðir við komuna og krankleikar þeirra skjalfestir.



Á biðstofunni var úrval bangsa, dúkka og tuskudýra af óteljandi sortum.



Sumir bangsanna þurftu að fá sprautu.

Klám og káf



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Sumt er svo sjálfsagt að engin þörf ætti að vera á að setja það í reglur. Þetta á til dæmis við um almenna kurteisi sem svo eðlilegt er að fólk temji sér í samskiptum við aðra.

Hverjum og einum einstaklingi sem er tamt að sýna kurteisi í samskiptum er ljóst að sumt gerir maður alls ekki. Þannig ætti ekki að þurfa að setja vinnustáðareglur um það að einstaklingar séu ekki að angra aðra með óviðeigandi tölvupósti og sýni þá sjálfstjórn að sleppa því að tala niðrandi til annarra og láti vera að káfa á öðrum. Klámhundur og káfarar hafa aldrei vakið sérlega lukku, þótt þeir imyndi sér annað.

Allt af eru þó einhverjir sem átta sig engan veginn á þessu. Karlmaður sem klæmist við kvenkyns vinnufélaga telur sig jafnvel vera að slá á létta strengi. Hann kann jafnvel að ætla sem svo að hann eigi í afar skemmtilegum samskiptum þegar hann káfar á konu, eins og hann telur sig eiga fullan rétt á. Engum er þó skemmt nema honum. Þá þarf að koma honum í skilning um það.

Ekki ætti að vera erfitt að síða slíkan mann til, en þá þarf áhugi til þess að vera fyrir hendi. Stundum er áhuginn í lágmarki, nánast enginn. Flestir þekkja dæmi um að stjórnendur kjósi að taka ekki á erfíðum málum í þeirri von að þau hverfi. Reyndin er sú að þau hlaða utan á sig.

Vanda má afstýra ef tekið er á honum strax. Starfsmannastjóri og/eða forstjóri eiga að bregðast við með því að kalla til sín þann mann sem er að valda samstarfsfólki óþægindum og segja honum að ef hann láti ekki af því að senda óviðeigandi tölvupósta eða segja afdankaða klámbrandara þá verði honum sagt upp störfum. Hann hafi ekki leyfi til að eitra andrúmsloft á vinnustaðnum. Sömuleiðis á káfarar ekki að fá að vaða uppi og áreita aðra. Hann tekur sig á eða vikur. Þarna hefur dóninn val. Það er ekkert harkalegt við þessi skilyrði. Þarna er verið að taka á málum af festu, eins og er skylt að gera.

Af hverju var ekki hægt að vinna á þennan hátt hjá Orkuveitu Reykjavíkur? Þar kvartaði kona ítrekað undan vinnufélaga, karlmanni sem hegðaði sér á óviðeigandi hátt. Ekki verður annað séð en að viðbrögð þeirra sem taka áttu á málinu hafi verið þau að andvarpa og afgreiða málið með því konan væri með vesen. Hvað á að gera við konu sem er með vesen og lætur sér ekki segjast? Lausnin var einföld, henni var sagt upp störfum. Sem er einfaldlega galið!

Það er hlálegt að hjá Orkuveitu Reykjavíkur sé í gildi jafnréttisstefna sem þótti á sínum tíma svo metnaðarfull að hún var verðlaunuð. Þarna er skólabókardæmi um það að hægt er að setja alls kyns fagurlega orðuð markmið á blað, jafnvel gera þau að reglum, en það jafngildir engan veginn því að þeim sé framfylgt af sannfæringu. Ýmislegt rotíð leyntist svo auðveldlega undir snyrtilegu yfirborði. Þá er þörf á umtalsverðri hreingeringu.

Halldór



Frá degi til dags

Þegar við skiljum út undan það sannast aftur og aftur að þegar við skiljum út undan kemur það í bakkið á okkur. Þegar stjórnmalaflokkar með rætur í verkalyðsbaráttu hættu eða gleymdu alþjóðinni myndaðist svigrúm á hinu pólitíska sviði fyrir populíska flokka sem ala á ótta og óöryggi fólks og beita sér fyrir auknu hatrí, eins og Eiríkur Bergmann lýsir í nýutkominni bók. Nú er svo komið að hatríð er að verða sjálfsgöð stjórnmalaskoðun víða á Vesturlöndum, af því við sinnum ekki stórum hluta borgaranna.

... og bregðumst fólki í eynd Það sama gerist þegar við sinnum ekki fólki sem þarf á hjálp að halda. Fólki í fangelsum, í vandi, í eiturlyfjum og fólki á vengangi. Umönnunarkerfin okkar hafa gefist upp á þessu fólki og refsivörslukerfið tekið við. Folk í viðjum flknar á ekki heima hjá lögregluinni. Ekkert hefst upp úr því annað en að yta þessu fólki lengra út á þaðarinn, þar sem það annaðhvort drepur sig, drepur aðra eða hreinlega gleymist í eynd sinni eða fangelsum landsins. Við megum ekki gleyma fólki eða skilja það eftir eitt. Það er ekki bara skaðlegt fyrir samfélagið, heldur er það bara ljótt. adalheidur@frettabladid.is

Fjárfest í háskólastiginu



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Hagvöxtur hér á landi verður í framtíðinni fremur drifinn áfram af hugviti en auðindum.

Með því fæst meira jafnvægi í þjóðarbúskapinn og minni líkur eru á sveiflukenndum vexti í efnahagslífinu. Til þess að stuðla að slíku jafnvægi og umhverfi þar sem nýsköpun blómstrar og verkivt þróast er mikilvægt að fjárfesta í háskólastiginu og hvetja til óflugs samstarfs þess við atvinnulíf. Fjárlög ársins 2019 sem kynnt voru á dögunum bera þessari áherslu stjórnvalda glögg vitni. Heildarfjárframlög háskólastígsins munu nema tæpum 47 milljörðum kr. á næsta ári en að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum er það hækkun um 2,2 milljarða eða um 5% milli ára. Þetta eru háar fjárhæðir en sýnt er að hver króna sem fer í fjárfestingu á háskólastiginu skilar sér áttfalt til baka til samfélagsins.

Sem dæmi um hækkanir innan málefna sviðs háskólastígsins eru fjárfestingar til reksturs háskóla og rannsóknastofnana sem hækka um 245 milljónir kr. milli ára og framlög til fræða- og þekkingarsetra sem hækka um 50 milljónir kr. Í fjárlagafrumvarpinum er einnig fylgt eftir áherslunum um nýliðun kennara með sérstöku 50 milljóna kr. framlagi til endurskoðunar á kennaranámi.

Stuðningur við námsmenn eykst um 3,5% milli ára, heildarfjárfestingar þess málaflökks fyrir árið 2019 er áætluð 8,2 milljarðar kr. og hækka um tæpar 282 milljónir kr. frá fjárlögum þessa árs vegna aukins framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Vinnu við endurskoðun á LÍN miðar vel áfram og er stefnt að því að frumvarp þess efnis fari í opið samráð á fyrri hluta ársins 2019.

Markmiðið með auknum framlögum til kennslu og rannsókna á háskólastigi er fyrst og fremst að auka gæði náms. Sé miðað við nýjasta meðaltal Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD) um framlag á hvern háskólanemanda stefnir í að árið 2020 hafi Ísland náð því markmiði eins og rögert er í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Menntun er forsenda samkeppnishæfni okkar til framtíðar og því þurfa fjárfestingar okkar að taka mið af.



Klámhundur og káfarar hafa aldrei vakið sérlega lukku, þótt þeir imyndi sér annað.

ÖLL BRAUÐ Á 25% AFSLÆTTI ALLA MÁNUDAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsebakari.is

Traust

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Allt frá því að traust hrundi á Íslandi, til stjórnmálanna aðallega (og bankamanna), fyrir 10 árum í Hruninu, sem við köllum svo – vegna þess að allt einhvern veginn hrundi – hefur reglulega skotið upp kollinum umræða um það innan stjórnmálanna hvernig megi auka traust og líka af hverju traustið sé svona litið. Eg veit ekki alveg hvort ég treysti mér í þessa umræðu. Eg er svoltið ringlaður þegar kemur að þessum málum. Eg skil vel af hverju traustið er svona litið en á sama tíma klóra ég mér í höfðinu yfir því.

Á ákveðinn hátt kemur það mér alls ekki á óvart að alþingismenn skuli njóta litils trausts. Ekki vegna þess að alþingismenn séu almennt svikahrappar, heldur meira út af eðli starfsins og hvað það þýðir í samfélaginu að gegna því. Eg held að traust til alþingis muni alltaf endurspeglar traust fólks almennt til þjóðar sinnar, samborgara og jafnvel sjálf sín. Á þingi situr þverskurður þjóðarinnar. Sextu og þrjár einstaklingar eru valdir af þjóðinni sjálfri til að sýsla með löggjafarvaldið. Á þingi situr þar af leiðandi alls konar fólk. Þar eru fulltrúar stálheiðarlegra, ekki svo heiðarlegra, athafnasamra, kæruleusra, smámunasamra, mælskra, óheppinna, langrækinna, vænisjúkra, kærleiksrikra, myndinna, ófýndinna og guð má vita hvað. Allt þetta fólk er kosið af okkur hinum.

Hið athyglisverða er, að nánast daginn eftir að þessir fjölbreytlegu fulltrúar okkar taka sæti á þingi hætta flestir að treysta þeim. Jafnvel af engri sýnilegri ástæðu. Fólkíð – með hugsanlega einstaka undantekningum – hefur nákvæmlega ekkert gert af sér annað en að setjast á þing. Á þeim tímapunkti hrynur traustið. Hvernig á að túlka þetta? Jú, ég held að þetta sýni að í grunninn treystir þjóðin ekki þjóðinni. Þjóðin er ósatt við sig. Hún hafnar vali sínu. Valið er spegill og spegilmyndin þykir ófögur. Þessi sjálfsóanægja er tekin út á alþingismönnum.

Grunsamlegar alhæfingar

Það sem vekur þessar grunsemdir mínar er einkum það, að hið almenna viðhorf um skort á trausti til þingsins er mjög oft sett fram sem alhæfing (og hér er ég að passa mig á því að alhæfa ekki). Þetta eru allt lygarar, þessir andskotar. Þetta er svikjandi og ljúgandi allan daginn, þetta lið. Þau eru alltaf að rifast um ekki neitt. Svona alhæfingar eru augljúga ekki réttar. Sumir eru hugsanlega lygarar (en ljúga þó varla allan daginn). Sumir eru svikarar. Sumir rifast, en þó sjaldnast um ekki neitt. Sumir ljúga bara alls ekki og hafa kannski aldrei logið á ævinni (sem mun ábyggilega koma þeim í koll). Sumir eru rosalega vandir að virðingu sinni og láta aldrei tæla sig í ómálefnalet

orðaskak, nema mögulega út af mis-skilningi. Í þessar manngreiningar er hins vegar sjaldan farið. Þetta segir mér að traustleysið sem ríkir til fólks í stjórnmálum snýst ekki um mann-kosti fólksins eða hvað það gerir eða gerir ekki, heldur snýst þetta meira um almenna stemningu. Það eru einfaldlega ákaflega fáir reiðubúnir til þess að treysta alþingismönnum. Það er bara þannig. Það er nánast hægt að skrifa það inn í starfslýsingu þingmanns að taki manneskja sæti á þingi skuli hún gera ráð fyrir því að missa traust og vera tortryggð sem slík, jafnvel fram á grafarbakann.

Lýsing um bjartan dag

Ný skýrsla kom út um daginn. Um traust til stjórnmála og hvernig eigi að efla það. Starfshópur um aukið traust er búinn að smíða traustvekjandi tillögur. Það á að auka gagnsæi, svokallað. Það á að setja betri reglur um hagsmunaskráningu og það á að setja reglur um lobbýista. Og margt fleira. Gott og vel. Og Siðfræðistofnun á að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar.

Það getur vel verið að þetta leiði til enn betri starfsemi á þingi og í ráðuneytunum. Fólk verði enn frekar á tánum, passi sig, fari eftir reglum. Hið nýja og góða máltæki „að kaupa lýsingu um hábjartan dag“ kemur þó óneitanlega upp í hugann. Eins og fólk veit merkir máltækið það, að mjög miklu fé og tíma sé varið í óparfa. Að



Á ákveðinn hátt kemur það mér alls ekki á óvart að alþingismenn skuli njóta litils trausts. Ekki vegna þess að alþingismenn séu almennt svikahrappar, heldur meira út af eðli starfsins og hvað það þýðir í samfélaginu að gegna því.

eitthvað sé gert með ærinni fyrirhöfn, sem bætir litlu við og gerir litlu til að leysa fyrirleggjandi vanda. Eg held að með hinni miklu áherslu á siðbót, betri ferla, dýpri skilgreiningar, siðfræðiráðgjöf, gagnsæi, skráningar og svoleiðis hluti, sem eru allir góðra gjalda utan yfir buxurnar í þágu gagnsæis, er allt eins líklegt að þeir nýtu samt ekki trausts. Vandinn er, vil ég meina, á einhvern hátt dýpri og flókarni.

Hvert er erindi VG?



Svanur Kristjánsson
professor emeritus í stjórnmálafræði við HÍ



Umbótaöflin í íslenskrí verkalyðshreyfingu og stjórnmálum munu væntanlega sigra án atbeina forystufólks VG. Engu að síður er núverandi erindisleysi og fylgishrun VG ekkert fagnaðarefni.

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur, formanns VG, var mynduð 30. nóvember 2017 en í þingkosningum skömmu áður hlaut flokkur hennar tæp 17% atkvæða og 11 þingsæti. Í upphafi naut ríkisstjórnin mikilla vinsælda en 70-80% kjósenda studdu stjórnina. Á skömmum tíma dvínuðu vinsældirnar mjög. Samkvæmt síðustu skoðanakönnun Gallup skiptast kjósendur nú í tvo jafnstóra hópa í afstöðu til ríkisstjórnarinnar. Engu að síður halda tveir stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokkur og Framsókn, fylgi sínu en VG er í frjálsta falli – mælist einungis með riflega 11% fylgi.

Engin ástæða er til annars en að taka mark á þessum vísbendingum um fylgishrun VG. Skemmst er þess að minnast að flokkurinn hlaut samtals 14.477 atkvæði í síðustu þingkosningum í Reykjavíkurborgardæmunum tveimur en 2.700 atkvæði í nýjafstöðnum borgarstjórnarkosningum.

Kjösendur Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fengu einfaldlega þá stjórnarstefnu sem flokkarnir tveir lofuðu: Slegin er skjaldborg gegn öllum kerfisbreytingum. Engar breytingar gerðar í sjávarútvegi eða landbúnaði. Engar umbætur í húsnæðismálum. Endurskoðun stjórnarskrárinnar háð samþykki forystumanna allra flokka. 1. desember 2018

munu því Íslendingar fagna 100 ára fullveldi án þess að valdaflokkar landsins hafi efnit hátiðleg loforð um að endurskoda bráðabirgðastjórnarskrá lýðveldisins frá 1944. Óbreytt er stjórnarskrá sem í grundvallaratriðum er byggð á stjórnarskrá konungsríkisins Danmerkur – frá 1849!

Kjösendur VG kölluðu eftir röt-tækum breytingum en uppskárur ríkisstjórn stöðnunar. Þingflokkur VG lýsti meira að segja yfir trausti á dómsmálaráðherra sem Hæstiréttur Íslands hefur fundið seka um lögbrot við skipun dómara í einn af dómstólum landsins. Ríkisstjórn undir forystu VG er einnig að stefna landinu í harðvítug stéttaátök, neitar m.a. að afturkalla stórfelldar kauphækkningar til alþingismanna og annarra valdhafa.

Umbótaöflin í íslenskrí verkalyðshreyfingu og stjórnmálum munu væntanlega sigra án atbeina forystufólks VG. Engu að síður er núverandi erindisleysi og fylgishrun VG ekkert fagnaðarefni. Umbóthreyfingin í landinu yrði sterkari með VG innanborðs. Vonandi að svo megi verða. Varla er erindi forystu VG fyrst og fremst að þjóna ríkjandi valdakerfi í landinu?

GRAL KYNNIR

SVARTLYNG

SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR
eftir Guðmund Brynjólfsson

TJARNARBIÓ

Frumstýnt 21. september | Miðasala á tix.is

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS



ÚRVAL ÚTSÝN

ICELANDAIR

LJÚFA VALENCIA

10.-14. OKTÓBER

